

Alþingi
Erindi nr. P 130/1091
komudagur 24.2.2004



Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Umsögn Norðurorku hf. og Íslenskrar orku ehf. um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003-2004.)

Almennt um þingsályktunartillöguna.

Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá þingsályktunina til umsagnar. Sem stjórnarformaður Íslenskrar orku ehf. leyfir undirritaður sér að gera umsögn þessa að umsögn þess fyrirtækis einnig. Fyrirtækin telja ekki óeðlilegt að gerð sé náttúruverndaráætlun. Hinsvegar telja fyrirtækin að fara þurfi með gát og gæta þess að skynsamleg nýting náttúruauðlinda sé ekki útilokuð með friðunaraðgerðum. Nýting náttúruauðlinda og verndun náttúrunnar geta í langflestum tilfellum farið saman og því óásættanlegt að setja verndunaráætlun fram án þess að áætlun um nýtingu fylgi með.


Samorka samtök raforku-hita- og vatnsveitna mun gera athugasemdir við þingsályktunartillöguna og gera fyrirtækin sem þetta rita þá umsögn jafnframt að sinni.

Athugasemdir við einstakar greinar þingsályktunartillögunnar.

Fyrirtækin gera athugasemdir við hina viðtæku friðun sem gert er ráð fyrir á söndunum í Öxarfirði. Íslensk orka ehf. hefur stundað og stundar enn rannsóknir á jarðhitasvæðinu við Bakkahlaup. Til þessara rannsókna hefur verið varið nær 200 milljónum króna.

Verði með friðun svæðisins komið í veg fyrir að þarna verði unnin orka í framtíðinni er ljóst að því fé sem varið hefur verið til rannsókna, með mikilli framsýni og áhuga, er á glæ kastað. Eigendur Íslenskrar orku munu ekki una slíku bótaust.

Virðingarfyllst,
Akureyri 23. febrúar, 2004.
Fh. Norðurorku hf. og
Íslenskrar orku ehf.


Franz Arnason forstjóri.

Sent í tölvupósti og jafnframt póstlagt.

Fylgigögn: Áður sendar umsagnir Norðurorku hf og Íslenskrar orku ehf.

Umhverfisstofnun, umsögn um Náttúruverndaráætlun.

Varðar tillögu um friðun 219,5 ferkílómetra svæðis fyrir botni Öxarfjarðar.

Íslensk-orka ehf. var stofnuð árið 1999 til að: “nýta jarðhita og/eða önnur verðmæti við Bakkahlaup í Öxarfirði” eins og segir m.a. í stofnsamningi fyrirtækisins. Fyrirtækið sem er í eigu Norðurorku hf, Orkuveitu Húsavíkur, Landsvirkjunar, Jarðborana hf, Rarik og Öxarfjarðar- og Kelduneshrepps hélt aðalfund sinn mánudaginn 16. júní 2003. Á fundinum var eftirfarandi bókun, vegna náttúruverndaráætlunar fyrir Öxarfjörð, borin upp og samþykkt samhljóða:

“Aðalfundur Íslenskrar Orku ehf. vekur athygli stjórnvalda á þeirri rannsóknarvinnu og hugmyndum um orkuvinnslu á svæðinu sem unnið hefur verið að á undanförmum árum og þeim fjármunum sem varið hefur verið í þá vinnu og framkvæmdir. Fundurinn telur mikilvægt að þannig verði staðið að málum að möguleikar til orkuvinnslu á svæðinu verði ekki skertir með friðunaraðgerðum”.

Íslensk-orka ehf. telur að friðun landssvæða geti víða verið nauðsynleg og til góðs en telur jafnframt að fara verði fram með varúð og ónýta ekki rannsóknir sem gerðar hafa verið né koma í veg fyrir nýtingu auðlinda.

Íslensk-orka ehf. er sammála almennum athugasemdum sem Samorka mun setja fram fyrir hönd orkufyrirtækjanna

Íslensk-orka ehf. vill vekja athygli á því að ekki er getið um háhitasvæði það sem er í Öxarfirði í svæðislýsingu sem fylgir friðlýsingartillögunni. Þetta er undarlegt í ljósi þess að Íslensk-orka ehf. hefur samið við landeigendur um rannsóknar og nýtingarrétt á stóru landssvæði við Bakkahlaup. Þegar hafa verið gerðar yfirborðsrannsóknir og rannsóknarholur boraðar. Um þetta á Náttúruverndaryfirvöldum að vera full kunnugt. Íslensk-orka ehf. hefur til þessa varið um **177 milljónum króna** í þessar rannsóknir og hyggst halda rannsóknunum áfram. Ekki þarf að fara mörgum orðum um hversu mikil lyftistöng það yrði fyrir mannlíf í Kelduhverfi og við Öxarfjörð ef af nýtingu þess mikla orkuforða sem þarna leynist yrði. Ósættanlegt er að reistar verði skorður við áframhaldandi rannsóknum og nýtingu jarðhita eða annarra þeirra verðmæta sem þarna kunna að finnast. Í þessu sambandi vekur athygli að ekki er heldur getið um orkuvinnslu hitaveitu Öxarfjarðar í svæðislýsingunni.

Hér á eftir er umsögn Orkustofnunar varðandi Öxarfjörð:

“Í friðunartillögunum er lagt til að rúmlega 200 ferkílómetra svæði fyrir botni Öxarfjarðar verði friðað. Í friðunartillögunum kemur ekki fram, að undir hluta svæðisins liggur háhitasvæðið, sem kennt er við Öxarfjörð.

Viðnámsmælingar benda til að stærð háhitakerfisins á 1000 metra dýpi sé allt að 15 ferkílómetrar við Bakkahlaup. Einnig eru vísbendingar um jarðhita við Skógarlón. Mælingarnar sjá í raun ekki afmörkun svæðanna til norðurs, þannig að svæðin geta hugsanlega náð út í sjó.

Íslensk orka, sem er samsteypa Norðurorku, Orkuveitu Húsavíkur, Landsvirkjunar, Jarðborana, Rarik og Öxarfjarðar- og Kelduneshrepps, hefur rannsóknarleyfi á jarðhitasvæðinu og hefur hafið rannsóknarboranir.


Friðunartillögur verða að taka tillit til þess, að verið er að rannsaka háhitasvæðið með virkjun í huga. Samræmi verður að vera í leyfisveitingum til rannsókna og virkjunar frá yfirvöldum og tillagna til verndunar”.

Íslensk –orka ehf. tekur undir það sem hér kemur fram og vill leggja þunga áherslu á að gætt sé fyllstu sanngirni í tillögum að verndun varðandi hagsmuni þeirra aðila sem lagt hafa í verulegan kostnað við undirbúning auðlindanýtingar eins og er í tilfalli Íslenskrar-orku ehf.

Virðingarfyllst.

Akureyri 18. júní 2003,

fh. Íslenskrar-orku ehf.


Franz Arnason stjórnarformaður.

Umhverfisstofnun, umsögn um Náttúruverndaráætlun.

Varðar tillögur að verndarsvæðum samkvæmt drögum að náttúruverndaráætlun.

Norðurorka hf. telur eðlilegt að gerð sé slík áætlun. Hinsvegar telur fyrirtækið að sterk rök þurfi til að friðlýsa svæði þar sem er að finna orkulindir eða önnur vinnanleg verðmæti. Undir öllum kringumstæðum verður að hafa fyrirvara á vegna þessara þátta þannig að ekki sé gert óeðlilega erfitt að rannsaka og vinna verðmæti á viðkomandi svæði. Norðurorka hf. er sammála almennum athugasemdum sem Samorka mun setja fram fyrir hönd orkufyrirtækjanna.

Norðurorka hf. vill sérstaklega benda á mjög víðtæka friðun á söndunum í Öxarfirði. Fyrirtækið er stór hluthafi í Íslenskri-orku ehf. sem hefur samið við landeigendur um rannsóknir og vinnslu jarðhita og annarra verðmæta á söndunum austan Jökulsár. Í friðunaráætluninni er ekki getið um háhitasvæði það sem þarna er talið vera né um þann jarðhita sem þegar er nýttur fyrir hitaveitu Öxarfjarðar.


Rannsóknir eru þegar hafnar á rannsóknarsvæði Íslenskrar-orku ehf. og eytt hefur verið miklu fé í rannsóknarboranir eða nær 200 milljónum króna. Tryggja verður að hægt sé að halda rannsóknum þarna áfram og að hægt verði að vinna og nýta þá orku sem þegar hefur fundist og gert er ráð fyrir að finnist á svæðinu. Auk þessa geta leynst önnur verðmæti þarna.

Íslensk-orka ehf. mun senda inn umsögn þar sem frekari grein verður gerð fyrir þeim rannsóknum sem þarna hafa farið fram og fyrir framtíðaráformum sínum.

Virðingarfyllst

Akureyri, 18. júní 2003.

Fh. Norðurorku hf.



Franz Arnason forstjóri.